

AUGLÝSING

um yfirlýsingu um viðurkenningu á lögsögu Alþjóðadómstólsins í Haag.

Hinn 26. febrúar 2026 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent yfirlýsing Íslands samkvæmt 2. mgr. 36. gr. samþykktar alþjóðadómstólsins sem hjálögð er sáttmála hinna Sameinuðu þjóða.

Yfirlýsingin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 20. júlí 2026.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal.**YFIRLÝSING ÍSLANDS UM VIÐURKENNINGU
Á LÖGSÖGU ALÞJÓÐADÓMSTÓLSINS Í HAAG**

The Government of Iceland declares that it accepts as compulsory ipso facto and without special agreement, on condition of reciprocity, the jurisdiction of the International Court of Justice, in conformity with paragraph 2 of Article 36 of the Statute of the Court, until such time as notice may be given to the Secretary-General of the United Nations withdrawing this declaration.

Notwithstanding the foregoing, any dispute concerning the law of the sea shall be subject to the limitations and exceptions relating to the settlement of disputes under the United Nations Convention on the Law of the Sea, its Implementing Agreements, and any declaration made by Iceland pursuant to the Convention or those Agreements.

Ríkisstjórn Íslands lýsir því yfir að hún samþykki, með skilyrði um gagnkvæmni, að skuldbinda sig um leið (ipso facto) og án sérstaks samkomulags, til að hlíta lögsögu Alþjóðadómstólsins, í samræmi við 2. mgr. 36. gr. samþykktar dómstólsins, þar til tilkynningu kann að verða komið á framfæri við aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna um afturköllun þessarar yfirlýsingar.

Þrátt fyrir framangreint skal sérhvert deilumál er varðar hafrétt háð þeim takmörkunum og undantekningum sem tengjast lausn deilumála samkvæmt hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna, framkvæmdarsamningum við hann og sérhverri yfirlýsingu sem Ísland gefur út samkvæmt hafréttarsamningnum eða fyrrnefndum samningum.